

OPIÐ BRÉF**34**

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1935.

25. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1935.

Um leið og Vér birtum þetta, þjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG**35**

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

26. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að veita Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, án þess að breyting sé gerð á fyrirkomulagi sambandsins eða það verði skrásett samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., um hæfilegan tíma sömu aðstöðu og gert er ráð fyrir að löggiltur saltfiskútflytjandi geti fengið samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar, til þess að sölusambandinu verði unnt að annast útflutning og sölu á þeim fiski, af framleiðslu ársins 1934, sem enn er óseldur og sem sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði eigenda. Þá verður það og að teljast æskilegt að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda veitist nokkur frestur til þess að ganga úr skugga um, hvort félagsmenn eru því fylgjandi að breyta lögum sambandsins þannig, að heimilt sé að veita því löggildingu sem saltfiskútflytjanda samkvæmt ákvæðum téðrar lagagreinar.

35
26. jan.

Þar sem svo stendur á, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn-bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, um tiltekið tímabil sömu aðstöðu, sem heimilt er að veita löggiltum saltfiskútflytjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að því er tekur til sölu og útflutnings á þeim saltfiski af framleiðslu ársins 1934, sem óseldur er, og sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði fiskeigenda, og skal þá sölusambandið háð fyrirmælum téðra laga, að öðru leyti en því, að eigi þarf að breyta fyrirkomulagi sambandsins frá því sem nú er, né skrásetja það samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 26. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

36
28. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929
(Ritsíma- og talsímakerfi).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri . . . að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.